


VOR FYRIR VESTAN, 1986

JENS KRISTLEIFSSON

MÁLVERKASÝNING AÐ KJARVALSSTÖÐUM 2.–17. APRÍL 1988

Ég minnist þess að sem unglingur dundaði ég mér oft við að mála landslagsmyndir.

Síðar þegar ég fór í myndlistarskóla komu eðlilega önnur mál á dagskrá og þetta lagðist að miklu leyti niður. Eftir útskrift úr Myndlista- og handíðaskólanum 1961 tók ég þó aftur til við landslagið enda átti afstraktið, sem var vinsælt á þeim tíma, aldrei almennilega við mig.

En efasemdirnar létu ekki á sér standa og ýmislegt, sem mér þótti áður til bóta á landslagsmynd varð nú að víkja. Þessi útrýmingarherferð stóð í nokkur ár og henni lauk með einlitum gráum myndum.

Eftir þessa reynslu sneri ég mér að grafík og fékk kærkomna útrás við dúkskurðinn.

Til að fylgja þessu nýja máli eftir fór ég á Listaháskólann í Kaupmannahöfn og vann þar í einn vetur 1966–'67. Áður en ég hélt heim var ég með á „Vorsýningunni á Charlottenborg" og var það í fyrsta skipti sem ég sýndi opinberlega.

Næstu árin hélt ég áfram við grafíkina af fullum krafti og sýndi út um allar trissur. Þar kom þó að hún veitti mér ekki sömu ánægju og áður og ég dró saman seglin.

En landslagið er aldrei langt undan og fyrir nokkrum árum lét ég freistast til að reyna einu sinni enn.

Jens Kristleifsson



JENS KRISTLEIFSSON *FÆDDUR 18. NÓV. 1940 Í REYKJAVÍK*